Ed. **456. Rökstudd dagskrá**

feld i Ed. 4. júlí.

Flutningsmaður Magnús Kristjánsson.

(Frv. til laga um eftirlaun handa Birni bankastjóra Kristjánssyni á þgskj. 346).

Með því að samkvæmt framkominni yfirlýsingu má telja víst, að Björn Kristjánsson verði mjög bráðlega að láta af bankastjórastörfum vegna heilsubrests, væntir deildir þess, að landsstjórnin hlutist til um, að honum verði árlega greiddar 4000 krónur af fje Landsbankans sem eftirlaun, frá þeim degi talið, er hann lætur af bankastjórn, og í því trausti, að landsstjórnin líti svo á, að nauðsyn beri til, að stjórn bankans sje í höndum manna með óbiluðu starfsþreki, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.